

## Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun

Menntavísindasvið Háskóla Íslands



Greinaflokkur um kennaramenntun til heiðurs Ólafi J. Proppé sjötugum á tíu ára afmæli *Netlu – Veftímarits um uppeldi og menntun*

Ritrynd grein birt 28. september 2012

Gunnlaugur Sigurðsson

# Óboðinn gestur í orðræðu um börn

Óli prik fer höndum um hljómflutningastæki heimilisins. Í sjálfsprottinni umræðu í kennslustund á Menntavísindasviði Háskóla Íslands eru tvö lykilhugtök í boði um möguleg viðbrögð við þessum gjörðum hans. Annað þeirra verður tilfallandi fyrir valinu og umræðan fer fram á merkingarsviði þess en tekur óvænta stefnu vegna þriðja hugtaks sem sprettur, að því er virðist, óumhugað upp innan þessa merkingarsviðs og reynist hafa afgerandi áhrif á framvindu umræðunnar. Í framhaldinu er sú stefna sem umræðan tók með þriðja hugtakinu skoðuð í ljósi kenninga Platons, Rousseau, Alice Miller og Peter Winch í því augnamiði að skilja ástæður þess að þetta hugtak fær svo ráðandi hlutverk í henni. Greining okkar leiðir í ljós samband hugmynda okkar og orða um börn og samband hugmynda okkar, gjörða okkar og félagslegra tengsla við börn. Hún varpar ljósi á áhrif orða okkar í lífi barna og leiðir til þeirrar lokaniðurstöðu að tilfallandi orð hafa ekki ólík áhrif í lífi barna og vængjasláttur fiðrilda á tilurð fellibyls í óreiðukenningu Edward K. Lorenz, þó með öðrum hætti sé en við sáum fyrir.

Höfundur er lektor í félagsfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

### **An Intruder in a Discourse on Children**

'Ollie the stick' handles the stereo system in his home. The event becomes the object of a self-created discussion in class at the School of Education, University of Iceland. Two key concepts are on offer as possible reactions to his gesture. One concept is arbitrarily selected and the discussion takes place within its relevant field of meaning, but takes an unexpected course due to the emergence of a third concept which almost unwittingly perturbs the field of meaning and turns out to have a far-reaching impact on the trajectory of the discussion. The trajectory of the discussion is subsequently scrutinized in terms of theories proposed by Plato, Rousseau, Alice Miller and Peter Winch, with the aim of better grasping the reasons as to why the third concept gains precedence in the discussion. Our analysis reveals the relationship between our ideas and words regarding children, as well as our ideas, behaviour and social relations to children and casts light on the effects our words have in the lives of children. It brings us to the main conclusion that our words have a similar effect in the lives of children as has the flutter of a butterfly's wings on the formation of a hurricane in the chaos theory of Edward Lorenz, although in different ways than we anticipated. The author is an assistant professor at the School of Education, University of Iceland.

## Fyrirheit orða

Tússtafla í stofu K-208 á Menntavísindasviði Háskóla Íslands er þéttskrifuð orðum, örvum og strikum sem standa í þyrpingu umhverfis Óla prik. Ræstítæknirinn veltir fyrir sér hvort sé í hans verkahring að afmá þessar menjar um vitsmunalíf áliðs dags sem varðveist hafa þarna á töflunni. Mundar klútinn, hikar, les, horfir á Óla prik og ákveður að þyrma honum ásamt þrem orðum sem standa undir grönnum fótum hans. „Uppeldi eða menntun?“ stendur þar, skrifað með rauðu. Annað verður afþurrkunarklútnum að bráð.

Þannig bar það til að þessi kunnuglegu orð og sígilda mannsmynd, Óli prik, blönduðu sér óvart í nýja kennslustund daginn eftir. Aðrir nemendur, annar kennari, annað viðfangsefni sem kynnt er á fyrstu skjámynd dagsins á tjaldinu sem nú hylur tússtöfluna að mestu. Viðfangsefnið er *gagnrýnin hugsun* og byrjar með sögulegu upphafi hennar í samræðum Sókratesar. Við ætlum okkur ekki minna en hann, ætlum okkur að leita, þótt við væntum þess kannski ekki að finna, *sannleika orða*, þann veruleika sem orð gefa fyrirheit um. Ekki sannleika neinna tiltekinna orða, ekki sannleikans um *ástina* eins og í *Samdrykkjunni* (Platon, 1999). Ekki heldur sannleikans um *dygðina* í *Menóni* (Platon, 2009). Við ætlum þvert á móti að leita *sannleikans um sannleika* orða. Vissulega ekki lítið í ráðist en nú er morgunn og við erum vonglöð um árangur vegna þess að andstreymi komandi dags er ekki enn byrjað að draga úr okkur kjarkinn. Hverju rannsóknarefni hentar sinn tími dags og Aristóteles ráðlagði að leggja stund á frumspeki og önnur erfið viðfangsefni að morgni en gefa sig svo að léttara efni eftir hádegi. Við ætlum að fylgja ráðum hans og taka fyrir eitthvað stórt og háleitt áður en við gefum okkur að smáatriðum undir hádegi.

Smáatriðin nenna ekki að biða hádegisins. Eitthvert okkar hefur skilið það svo að við ætlum að fást við þýðingar orða. Hvernig beri nákvæmlega að þýða til dæmis þetta orð sem gengur eins og þrástef í gegnum lesefni og fyrirlestra í flestum námskeiðum á sviðinu, *education*. Merking þessa orðs virðist nokkuð skýr meðal enskra orða, „menntun“, en í félagsskap íslenskra orða hefur það eignast annan ættingja, þótt fjarskyldari sé: „uppeldi“. Hvort þýða beri það með þessum orðum saman, „uppeldi og menntun“, eða eftir efninu með öðru þeirra, stundum „uppeldi“, stundum „menntun“. Ætlunin var reyndar ekki að leysa þýðingarvanda orða og heldur ekki þessa lykilorðs í kennaranámi í Háskóla Íslands né var meiningin að fjalla um þetta orð sérstaklega, *education*. En nú er það komið óviljandi á dagskrá og uppástungum um þýðingu þess rignir. Að vísu, eins og við er að búast af rigningu, án mikilla tilbrigða. Flestir stinga upp á „menntun“, aðrir „uppeldi og menntun“ og einstaka telja að „uppeldi“ eigi stundum best við. Látum þýðingarvandann þó vera en ættum við ekki að taka þetta kunnuglega þar, „uppeldi“ og „menntun“, til athugunar? Skoða inn í hvaða veruleika þessi orð leiða okkur? Allir fallast á það. Þá liggur næst fyrir að skrifa það fráma áform hátíðlega á töfluna. Við setjum myndvarpann á bið og rúllum tjaldinu upp.

## Tvö orð

Kanína upp úr hatti er sjónhverfing. Það sem hér gerist eru raunverulegir töfrar. Þarna biða þau okkar á töflunni, þessi orð sem við vorum að nefna: „Uppeldi eða menntun?“ stendur þar, flautsturslega skrifað með rauðu tússi.

Gjörrið þið svo vell!

Rólyndisleg orð við eðlilegar aðstæður en núna ýfast þau við að vera vakin upp af ljúfum morgunsvefni og yglya sig framan í okkur. Gretta sig líka hvort framan í annað, eru önu og sundurlynd.

Hér er ekki pláss fyrir okkur bæði, annað hvort ég eða þú, ekki við tvö!

Auðvitað væri kurteisi að láta þau í friði, draga tjaldið niður aftur, tendra myndvarpann á ný og halda sig við upphaflega dagskrá. En forvitni okkar er vakin um þessi orð og sérstaklega langar okkur að vita um einkalíf þeirra, viljum vita hvað þau hafa að segja okkur um þá tilveru sem þau lifa á bak við tjöldin. Þau eru hins vegar ekki í þeim samkvæmismóð að vilja segja okkur neitt, krefjast fremur svara af okkur en að þau segi okkur jafnvel almælt tíðindi sjálf. Það hafa þau reyndar aldrei ætlað sér að gera heldur þvert á móti viljað vekja máls á því sem við ekki vissum fyrir um veruleika þeirra. En við höfum til þessa ekki haft áhuga á eigin lífi orða, þeirra veruleika, heldur notað þau til að gefa nafn því sem við sjálf höfum stundlega í huga, það sem við meinum með til dæmis þessum tveim orðum á töflunni saman eða sitt í hvoru lagi, uppeldi og menntun, uppeldi eða menntun. Til þess eru

þau, jú, þessi orð, að ljá form sitt því sem við meinum með þeim. Og það sem við meinum með þeim hverju sinni finnst okkur vera harla augljóst.

Er „uppeldi“ og „menntun“ þá svona augljós?

spyr Óli prik ofan af töflunni.

Hvað gerist þá nákvæmlega þegar ég verð fyrir „uppeldi“ eða „menntun“? Eða hvoru tveggja í senn?

Góð spurning!

segjum við, eins og stjórnálamenn sem eru að vinna sér tíma til að hugsa hvernig best megi snúa sig út úr óþægilegri spurningu. Meðal okkar er margreynt fólk í uppeldi barna og menntun þeirra og nú reynum við að losna úr klípunni með almennt orðuðum dæmum og inn í dæmisögurnar blandast skoðanir okkar og alls kyns meiningar, ekki síst um rétt og æskilegt uppeldi og jafnvel nauðsyn þess fyrir allsherjarreglu að það eigi sér stað. En Óli prik krefst meiri nákvæmni. Hann nefnir sjálfur tiltekna gjörðir sínar og spyr um möguleg viðbrögð við þeim, „uppeldisleg“ eða „menntunarleg“.

Óli prik að borða ís og farinn að leika sér að honum.

Óli prik að grafa holu í sandkassanum og eys sandi út um allt.

Óli prik að fara höndum um „græjurnar“ (sem einu sinni voru til á hverju heimili á Íslandi).

## Óboðinn gestur

Við stöldrum við dæmið um „græjurnar“. Dálítið úrelt dæmi en orðið með sínum hætti næstum sígilt minni. Óli prik er með fingur hægri handar á stærsta takkanum á „græjunum“ þar sem þær hvíla makindalega í hansahillunum á veggnum til hliðar við sófann. Takkinn er rifflaður og rifflarnir oddhvassir á brún hans. Fyrst um sinn beinist athygli Óla prik að þessari áferð takkans. Hann kippir að sér höndinni við snertinguna því það stingur en er jafnóðum kominn með fingurna á takkann á ný. Reynir nú að toga í hann, svo að ýta honum inn, þá til hliðar og upp og niður. Snýr honum loksins, fyrst rangsælis en síðan réttisælis. Tom Jones er á 33 og 1/3 snúningi á mínútu á svörtum vínyl á plötuspilaranum. Komið er vor árið 1974 og mamma Óla prik er að skipta um gluggatjöld. Á Íslandi eru pilsin ennþá stutt en hárrúllurnar á undanhaldi og túberingin horfin með öllu. Í okkar dæmi er pabbi Óla prik í vinnunni en mamma er heima að hugsa um heimilið og drenginn þeirra. Hann er rúmlega eins og hálfars gamall. Hún er fulltrúi þeirra kvenna sem sagðar voru „heimavinnandi“ til aðgreiningar frá þeim sem voru „útvinnandi“. Pabbi er samkvæmt því „fyrirvinnandi“ og er sem sagt í vinnunni þennan dag klukkan að ganga ellefu að morgni. Hann missir því af því örlagaþrungna augnabliki þegar Tom Jones fer í 90 desíbel þarna í opnu, gluggastóru stofunni, teppalagðri út í horn og búin leðursófa og tekkhúsgögnum.

Óli prik er sem sagt með fingurna á „græjunum“. Hjá okkur vakir spurningin um möguleg viðbrögð mömmu hans við þessum gjörningi. Vakir um stund en blundar svo aftur áður en við höfum náð að koma svörum við. Það er líkt og sjálfar gjörðir Óla prik lendi úr fókusi fyrir sakir lítills orðs sem laumast hefur inn í tal okkar án þess að nokkur tæki eftir því. Það er bara allt í einu komið á tungu einhvers og síðan á varir allra og áður en við vitum af er samræða okkar hætt að hverfast um sjálfar þessar tiltekna gjörðir Óla prik við „græjurnar“ heldur snýst hún um einhvers konar almennan og að sama skapi óljósan gjörning. Við reynumst hafa mikinn áhuga á þessum almenna og óljósa gjörningi en þess þá minni á sjálfum gjörðum Óla prik við „græjurnar“. Við höldum því fram að auðveldlega sé hægt að venja börn af slíku með réttum viðbrögðum og verðum kappsfull og hvert öðru útsjónarsamara í þeim ráðagerðum.

Venja hvaða börn af hvaða „slíku“?

spyr Óli prik ofan frá töflunni. Hann hefur greinilega misst af einhverju og áttar sig ekki á því hvernig það hefur gerst að sjálfar gjörðir hans virðast lentar út úr frásögninni og þar með atburðarásinni.

Jú,

segir eitt okkar sem hefur mikla reynslu af uppeldi,

Öll börn þurfa að hafa skýran ramma og fá að vita um takmörk sín. Ef þau fá skýr skilaboð um hvað þau mega og mega ekki þá hætta þau.

Hætta þau hverju?

Óla prik líður eins og afmælisbarni sem gleymst hefur að sinna á klósettinu en fullorðna fólkíð að þrasa um pólitík frammi í stofu og krakkarnir að skoða hasarblöð uppi í herberginu hennar Bibbu systur. Hann sjálfur hafði einmitt verið að vinna það tæknilega afrek í lífi sínu að koma Tom Jones í 90 desíbel með því að snúa takka. Það eitt að snúa takkanum er afrek í handlagni. Að uppgötva sambandið á milli þess að snúa takkanum og hávaðans í Tom Jones í fjórum hátölurum í jafn mörgum hornum stofunnar er vitsmunalegt og, nánar tiltekið, tæknilegt afrek. Enn meira yrði afrekið að uppgötva að hægt er að þagga niður í honum aftur með því að snúa takkanum til baka. Síðan fram og til baka og Tom Jones myndi ýmist hvísla, þagna alveg eða hrópa hástöfum. Eitt okkar sem líka hefur mikla reynslu af börnum hlustar af þolinmæði á afrekssögur Óla prik. Getur út af fyrir sig fallist á að hann hafi haft dálítið fyrir þessu, svona lítil, en er samt eindregið á því að það þurfi að venja drenginn af þessu *fikti*.

Þessu „fikti“. Þetta er einmitt orðið sem leikið hefur á vörum okkar og tungu um stund án þess að við tækjum eftir því. Það hefur smeygt sér inn í samræðu okkar óséð og fyrirhafnarlaust. Óli prik var að „fikta“ í „græjunum“. En jafn fyrirferðarlítið sem það er, þetta orð, þá er það sannkallað lausnarorð. Það veldur því að allir geta nú tjáð sig um efnið, bæði reyndir og óreyndir í börnum, fræðingar og sléttir leikmenn, því allir hafa skoðun á því hvernig bregðast skuli við „fikti“. Skoðanaskiptin verða enda lífleg en smám saman tekur umræðan á sig fræðilegt mót. Myndhverfing um „ramma“ verður uppistaðan í umræðunni, öll börn þurfi „ramma“ til að fara eftir því með honum muni þau „þekkja takmörk sín“, en það sé þeim bæði hollt og nauðsynlegt.

Óli prik hímur uppi á töflunni og reynir að átta sig á öllum orðunum sem streyma inn í samræðuna sem upphaflega spratt, jú, af því að hann tók fingrum um stærsta takkann á „græjunum“ og sneri. Hvað höfum við nákvæmlega í huga með þessu orði sem við endurtökum í sífellu, að hann hafi verið að „fikta“ í „græjunum“? Hann handfjatlar marga hluti dag hvern en að jafnaði er ekki sagt að hann „fikti“ í til dæmis gúmmíbangsanum sem tístir þegar hann klemmir höfuð hans með fingrunum eða sest á hann jafnvel. Hann „fiktar“ ekki heldur þegar hann raðar kubbum hverjum upp á annan og fráleitt „fiktar“ hann þegar hann reynir að setja mismunandi lagaða hluti ofan í kassa með mismunandi löguðum götum til að stinga hlutunum í gegnum. Núna, hins vegar, „fiktaði“ hann í „græjunum“.

Heitir það þá að „fikta“ að taka um stærsta takkann, toga í hann, reyna að ýta honum inn, til hliðanna, upp og niður og að lokum að snúa honum, fyrst rangsælis, þá réttisælis?

Nei, ekki beinlínis,

upplýsum við. Þetta sé ekki sérnafn yfir þennan tiltekna gjörning. Þetta sé líkara heiti á tegund, því sem líta má á sem tegund: Þetta er fótur, þetta er hönd.

Það sem þú gerðir var fikt, Óli prik, en þær gjörðir þínar hafa ekkert eigið heiti eða nafn. Þetta var fikt meðal margs annars fiks í veröldinni.

Ég heyri það,

segir Óli prik,

en fyrir hvað er það sem ég gerði við „græjurnar“ „fikt“ á meðan það sem ég geri við til dæmis kubbanda eða bangsann minn er það ekki? Sagt er að ég sé að „byggja“ með kubbum og yfirleitt er ég sagður vera að „leika mér“ þegar ég fer höndum um dótið mitt. Í hverju „fikta“ börn?

Þau fikta í saumavélinni, tökkunum á eldavélinni, tenglinum á standlampanum og innstungunni, tölvum og verkfærum,

upplýsum við enn.

Börn fíkta aðallega í alls konar tækjum og það sem þau ekki fíkta í geta þau meðal annars rótað í og tuttlað. Þau tuttla til dæmis samanbrotinn þvott sem þau koma höndum í og fyrir kemur að þau róta öllu upp úr tauskúffum eða niður úr bókahillum.

Óli prik kannast vel við þessar athafnir sem þarna er vísað til en hann er engu nær um hvenær beri að segja að hann „fíkti“ eða „tuttli“ en sé til dæmis ekki að „byggja“ eða „leika sér“.

Það er ekki von,

segja einum rómi bæði þau reynsluríku og fræðingarnir.

Það er vegna þess að reynsla þín af heiminum er fyrst og fremst af hlutveruleikanum. Jafnvel reynsla þín af fólki er hlutbundin. Þú ert rétt að byrja að kynnast viðbrögðum annarra við ört vaxandi gjörðum þínum og átt eftir að aðlagast þeim, taka tillit til þess sem öðrum finnst um gjörðir þínar. Þú hefur einfaldlega ekki fengið neina *félagsmótun* ennþá, Óli litli prik.

Óli litli prik skilur það en er eftir sem áður engu nær um „fíktið“. Hann vill gjarnan verða „félagsmót-aður“ og aðlagast öllu því sem fólki finnst um gjörðir hans, líka gjörðir hans við „græjurnar“, en sér ekki betur en fólki finnst ekkert um þær sérstaklega heldur um eitthvert „fíkt“ sem hann kannast ekki ennþá við að hafa framið. Hvernig bar það til að þessi mikli rannsóknarleiðangur hans á vit „græj-anna“ varð að „fíkti“?

Er til of mikils ætlast að fá svar við því?

## Hvers vegna „fíkt“?

Nú er komið að okkur að hugsa, kannski í fyrsta skipti í þessari samræðu. Í rauninni virðist ekki ráðast af sjálfum gjörningnum hvort hann verður heldur „fíkt“ eða „leikur“, hvað þá „tilraun“, „athugun“ eða jafnvel „rannsókn“. Það virðist þvert á móti ráðast af viðfangi gjörningsins, því sem hann beinist að. Þegar Óli prik fer höndum um stærsta takkann á „græjunum“ er hann að „fíkta“ vegna þess að takkinn er ... á „græjunum“ en ekki á einhverju dótinu hans.

En hvernig fara „græjurnar“ að því að gera athöfn mína að „fíkti“ á meðan kubbarir láta mig „byggja“ og gúmmíbangsinn lætur mig „leika mér“?

Það er sannarlega ráðgáta. Við hugsum.

Er það kannski vegna þess að „græjurnar“ tilheyra hinum fullorðnu en ekki honum? Gjörðir hans séu með öðrum orðum metnar til „fíkts“ eða „leiks“ eða einhvers enn annars eftir því hverjum hlutirnir tilheyra sem þær beinast að? Hlutir sem tilheyra fullorðnum geri sama gjörning Óla að „fíkti“ sem hlutir meðal barna gera að „leik“?

Óli prik getur alveg fallist á það, þarna uppi á töflunni en við höfum samt ekki svarað spurningu hans um hvers vegna þetta er svona. Við höfum aðeins talið okkur finna út hvenær er viðeigandi að nota þessi mismunandi orð um gjörðir hans. Við höfum þannig uppgötvað reglu um notkun orðsins „fíkt“ um gjörðir Óla prik: Hlutir sem tilheyra fullorðnum geri sama gjörning Óla prik að „fíkti“ sem hlutir meðal barna gera að „leik“. En við höfum ekki útskýrt hvernig sú regla verður til, vegna þess að við höfum ekki áttað okkur á því.

Kannski komumst við að orsökum reglunnar með því að skoða hvað við höfum í huga þegar við tökum okkur þetta orð í munn, „fíkt“, og spyrjum okkur að því búnu hvers vegna við höfum það í huga. Hvers vegna við höfum eitt í huga þegar Óli prik fer höndum um „græjurnar“, „hlut sem tilheyrir fullorðnum“, en allt annað þegar hann fer höndum um kubbanda sína, „hluti sem tilheyrir börnum“.

Skoðum þá fyrst *hvað* við höfum í huga. Vísast eitthvað á þá leið að Óli prik geri það sem hann gerir við „græjurnar“ í hugsunarleysi. Hann hugsar ekki mikið á meðan og jafnvel ekkert um það sem hann er að gera. Hann hafi þar af leiðandi ekki markmið með því sem hann gerir. Hann tekur um takkann á „græjunum“ án þess að ætla sér neitt með því, í mesta lagi að slíta takkann af og kannski stinga honum upp í sig eða eitthvað. Hann geri þetta þar af leiðandi án tilgangs, ekki til þess, til dæmis, að líflegri stemning verði þarna í stofunni hjá honum og mömmu hans. Þetta er það sem við

höfum trúlega í huga um gjörðir Óla prik. Þó er villandi að gera því svo nákvæm skil því við hugsum þær ekki af slíkri nákvæmni þegar við köllum þær „fikt“ heldur er hugmynd okkar þvert á móti mjög óljós. Væri hún skýrari þá myndi hún taka á sig þessa mynd, að gjörningur Óla prik sé hugsunar- og tilgangslaus.

Þá er það hin spurningin: *Hvers vegna* vaknar þessi hugsunar- og tilgangsleysishugmynd þegar Óli prik snertir „græjurnar“ á meðan við ætlum honum að vera í vitrænum og tilgangsrikum aðgerðum með kubbana sína? „Vá, þér tókst það, Óli prik! Hvað þetta er stórt hús! Hvað þetta er hár turn!“

Ekkert „vá“, hins vegar, þegar hann snýr takkanum á „græjunum“. Aðeins: „Ekki fikta, Óli prik!“

Hafið þið þá einhverja ástæðu yfirhöfuð til að halda að ég hafi lagt minni hugsun í gjörðir mínar við „græjurnar“ en til dæmis kubbana?

spyr Óli prik.

Við klórum okkur aftur í hausnum.

Nei, sennilega ekki en af einhverjum ástæðum þó gáfum við ekki færi á því að gjörningur þinn við „græjurnar“ væri af vitrænum toga, hefði tilgang og krefðist auk þess ytrustu færni þinnar, Óli prik. Kannski var það vegna þess að gjörningi þínum var atferlislega áfátt miðað við gildandi umgengisreglur við „græjurnar“. Þú hafðir ekki réttu handtökin við þær miðað við það sem þær krefjast. Og hugarfarslega það sama, því að þótt þú hafir þína eigin hugsun og tilgang með gjörðum þínum við „græjurnar“ þá fellur það ekki að notkunareglum þeirra, ef svo má segja. Þú ert ekki fullgildur aðdáandi Tom Jones, er það? Það getur því ekki verið tilgangur þinn að hlusta á hann þótt þig langi eftirleiðis að hækka eða lækka í honum róminn eftir að þú uppgötv- aðir hvernig það er hægt.

Óli prik horfir á okkur ofan af töflunni. Hann klórar sér ekki í hausnum en er þó hugsi.

Samt skýrir þetta ekki almennilega hvers vegna gjörningur minn verður „fikt“ en ekki einfaldlega „leikur“ og hvers vegna þið sitjið á rökstólum um færar leiðir til að meina mér að „fikta“ í „græjunum“ í stað þess þá að ræða hvernig hægst sé að meina mér að „leika mér“ að þeim eða „skoða“ þær eða „prófa“ eða jafnvel „rannsaka“. Ég tilheyri vitrustu tegund jarðarinnar og vitundarlíf mitt sem náttúran hefur verið að þróa í tvö þúsund milljónir ára hefur um það bil hundrad þúsund milljónir taugunga til umráða á meðan „græjurnar“ eru með tvo „smára“ (sem reyndar eru ekki að verki í plötuspilaranum) og hafa ekki vitundarlíf á við ánamaðk, hvað þá meira. Nú virðast þær samt gefa tóninn um hvernig beri að túlka gjörðir mínar, ekki vitsmunaveran Óli prik. Þýðir þetta að andinn megi sín einskis andspænis efninu?

Merkilegast er að ekkert okkar myndi mæla gegn því að Óli prik nyti raunverulegrar reynslu sinnar af „græjunum“, út af fyrir sig. Við gætum öll unnt honum þess að hafa fest augun á þeim, gengið fullur áhuga en óstyrkum fótum til þeirra, teygt sig og náð upp í takkann og að hafa orðið fyrir því óvænta, að hljóðið í hátölurinum hækkaði þegar hann sneri honum. Við gætum sérstaklega unnt honum þessarar tæknilegu uppgötvunar, að þegar hann gerði eitt þá gerðist við það eitthvað allt annað og alls óskýlt því sem hann gerði. Alls óskýlt uns hann uppgötvar orsakasambandið. Við kynnum að meta það svo að ekki væru aðstæður fyrir þessa merkilegu reynslu hans, hann gæti einfaldlega skemmt „græjurnar“ og þess vegna, Óli litli prik, verður þú að sætta þig við að reynslu þinni sé fórnað.

En þannig hugsuðum við þetta ekki. Við lögðum ekki á vogarskálarnar að „leika sér“ eða „skoða“ eða jafnvel „rannsaka“ á aðra og að „skemma“ „græjurnar“ á hina. Hinu fyrrnefnda höfðum við breytt í „fikt“ sem auðvitað reyndist léttvægt á móti velferð „græjanna“. Þannig náði hugmynd okkar greinilega ekki til þess sem gerðist raunverulega og kannski gerir hún það reyndar ekki enn. Það munum við ekki vita fyrr en enn önnur hugmynd leysir þessa af hólmi og okkur verður ljóst að vissulega er það nær sanni að Óli prik var að „leika sér“ að „græjunum“ frekar en að hann hafi verið að „fikta“ í þeim en fjarri því samt sem raunverulega gerðist, hvað sem það kann að reynast. Spurningin er því ekki hvers vegna okkur yfirsást hið *sanna* heldur hvers vegna við völdum atburðinum mun óraunverulegri hugmynd en við áttum þó kost á, svo mjög sem við þó þekkjum leik barna og unnum Óla prik þess innilega að leika sér.

Hvers vegna völdum við atburðinum lakari eða lökustu hugmyndina um hann, að því er okkur nú virðist?

## Valda því „skuggamyndir“ eða valda því orð?

Í helli Platon (1991) sitja fangar og horfa á skuggamyndir á vegg af eftirlíkingum raunverulegra hluta. Þeir eru hlekkjaðir og geta ekki snúið höfði sínu aftur og vita því ekki um upptök þessa sjónarspils, ekki um þær eftirlíkingar raunverulegra hluta sem skuggarnir eru af, leikarana sem halda þeim á lofti yfir lágum múrsteinsvegg sem þeir eru í hvarfi á bak við né eldana sem loga þar fyrir aftan og varpa birtu sinni á hellisvegginn andspænis föngunum og mynda skuggana sem þeir halda að sé raunveruleiki. Raddir leikaranna heyra þeir einungis af bergmáli þeirra af veggjum hellisins.

Óhugnanleg launsögn um þann þrönga kost sem hugur okkar sætir um kynni sín af raunveruleika. Það sem við sjáum, heyrum og yfirleitt skynjum tökum við sem raunveruleika en vitum ekki að skynjunin færir okkur aðeins skuggann af eftirlíkingum hans. Við erum hindruð í að líta við og sjá hversu fjarri raunveruleikanum það sjónarspil er sem við höfðum fyrir augunum. Þess vegna hvarflar ekki að okkur að leita útgöngu upp úr hellinum þar sem við myndum ekki aðeins sjá skugga raunverulegra hluta við birtu sólar heldur hlutina sjálfa í sólskininu og jafnvel sólina með. Það hvarflar ekki að okkur á meðan skuggaspilið í hellinum fullnægir þrá okkar. Og það gerir skuggaspilið vissulega, það fullnægir þrá okkar eftir þeim líkamlegu unaðssemndum sem skynfæri okkar gera okkur fært að upplifa og gefa okkur fyrirheit um. Þær eru reyndar hlekkir okkar og þegar einn fanganna sleppur þó út í sólskinið trúum við ekki vitnisburði hans er hann snýr aftur að segja okkur sannleikann um tilveru okkar í hellinum vegna þess að orð hans eiga sér ekki samsvörun í reynslu okkar af skuggum eftirmyndanna. Af sömu ástæðum höfnum við boðskap sjálfrar táknsögunnar því hvað getur verið raunverulegra en skynræn reynsla af veruleikanum? Ef eldarnir eiga að tákna skynræna vitund okkar og sólskinið þá hugrænu þá tákna sagan að sú skynræna sé samsvarandi miklu minni vitund en sú hugræna og birtan af eldunum er daufari en skin sólar. En er þessu ekki öfugt farið? Hugsum við ekki um það sem við skynjum og er ekki sú hugsun sem skuggi þess sem við skynjum? Og hvað hefðum við um að hugsa án skynjunar?

Eða verður kannski að segjast eins og er að við hugsuðum ef til vill ekki sérlega mikið áður en við gáfum gjörðum Óla prik einfaldlega nafn og kölluðum þær ... „fikt“? Við kölluðum þær svo vegna skorts á innsýn í atburðinn, finnst okkur nú. Sjónræn hugmynd okkar um gjörðir hans jók okkur greinilega ekki slíka innsýn.

En var það samt ekki orðavalið, Óli prik var að „fikta“ í græjunum, sem olli skammsýni okkar?

Þetta er spurning um samband orða og hugmynda. Það virðist rangt að segja að fyrst verði til hugmynd og svo veljist orðin eftir hugmyndinni vegna þess að við þekkjum lítið til hugmynda án orða. En það virðist líka rangt að segja að þessu sé öfugt farið því sannarlega tölum við ekki hugsunarlaust og einhvern veginn veljum við þau orð sem við tölum. Og þótt vissulega sé ekki jafngilt að segja „hugsunarlaust“ og „án hugmynda“ þá er freistandi að gefa hugmyndinni vissst forskot á orðið. Þannig er freistandi að hugsa sér að með annarri hugmynd um atburðinn hefðum við leitað annars eða annarra orða um hann en ekki öfugt. Að önnur orð hefðu ekki frelsað okkur frá hugmynd okkar um gjörning Óla prik þótt ekki sé beinlínis hægt að segja að hugmyndin ráði orðavalinu vegna þess að hún verður til með, eða nánar, í þeim orðum sem sögð eru.

Lausnin, það er að segja lausnin á þessum skilningsvanda okkar nú á sambandi orða og hugmynda, gæti legið í því sem mætti kalla að sé *viðeigandi*, viðeigandi orðaval, gætum við sagt. Eitt hvað veldur því að „fikt“ verður viðeigandi orðaval um gjörðir Óla prik þarna við „græjurnar“. Það er viðeigandi vegna þess að gjörðir hans uppfylla skilyrði um orðavalið en eiginleg hugmynd verður það ekki fyrr en við höfum valið atburðinum orð, án þess að þar með sé sagt nokkuð um til dæmis skýrleika hugmyndarinnar. Hún kann til dæmis að vera svo óskýr að ekki sé hægt að herma hana upp á okkur, við könnumst ekki við að hafa meint það sem í orðinu felst, „fikt“, svona strangt tekið. Það breytir því ekki að orðavalið á sér undanfara. Sá undanfari er mat okkar eða tilfinning fyrir því að orðið eigi við um gjörðir Óla prik við „græjurnar“, að þær séu „fikt“. Með því mati höfum við þar með tekið afstöðu til atburðarins og sú afstaða birtist í orðavalinu. Val á öðru orði um gjörning Óla prik, sem ekki á sér slíkan undanfara í mati okkar á því hversu viðeigandi það er, myndi því varla auka okkur innsýn í hann. Fyrir nú utan það að í röksemdum okkar felst að „fiktið“ var hið „viðeig-

andi“ orð og jafnvel þótt öðru orði hefði verið stungið að okkur, að Óli prik væri að „leika sér“, þá hefði það ekki uppfyllt skilyrði þess að geta borið uppi þá hugmynd um gjörðir hans við „græjurnar“ sem því er eiginlegt þegar við sjáum hann handfjatla kubbana sína. Okkur fer eins og föngunum í helli Platons, orð þess sem sloppið hafði út í skólskinið vöktu þeim ekki þá hugmynd sem hann lagði í þau vegna þess að þá skorti reynsluna af raunveruleikanum utan hellisins, reynsluna af sjálfum hugmyndaheiminum sem sólskinsveröldin í myndhverfingunni á að tákna.

Vandi okkar er sá að við getum varla kennt reynsluleysi okkar um „fiktio“ í Óla prik. Við höfum öll reynslu af „leik“ hans og jafnvel „rannsókn“ og hvers kyns öðrum merkingarbærum athöfnum sem við bæði ætlum honum og unnum, nema bara núna, þegar hann fór höndum um „græjurnar“. Þá brestur okkur innsýn í hugarheim hans. Fanginn sem slapp út í sólskinið í táknsögunni, heimspekingurinn í raunveruleikanum, hann átti eftir það verk að vinna að opna félögum sínum sýn inn í heim hugmyndaheima. Við erum á hinn bóginn heimagangar í hugmyndaheimi Óla prik, svo mjög sem við unnum honum að leika sér, nema bara núna þegar hann tekur upp á því að „fikta“ í „græjunum“.

Svo virðist sem okkar saga nú sé jafnvel skuggalegri en launsaga Platons. Við höfum öll verið í sólskininu, höfum séð Óla prik leika sér og unnt honum þess af heilum hug en samt sáum við ekki nema skuggann af gjörðum hans við „græjurnar“. Kannski urðum við ekki jafn miklir heimspekingar af veru okkar í sólarljósinu og fanginn sem slapp upp úr hellinum að sinni.

Þarf Óli prik þá að biða þess að við gerumst heimspekingar til að við hröpum ekki að dómum um athafnir hans við „græjurnar“, köllum þær ekki „fikt“ og leggjum á ráðin um að „venja hann af“ því sem hann í rauninni aldrei gerði, „fiktinu“?

Hann má þá trúlega biða lengi því heimspeki er ekki venjuleg þekking og síst bókleg og verður reyndar hvorki lesin af bók né skrifuð, ef við skiljum Platon rétt,

*... heldur er hún árangur langvarandi samneytis við sjálft viðfangsefni hennar, en þá, skyndilega, líkt og þegar ljós kviknar þegar eldur blossar upp, verður þekkingin til í sálinni og nærast þar eftirleiddis af sjálfri sér (360 f.K./2012). (Þýðing höfundar úr ensku)*

## Veldur því mannskilningur okkar?

*On ne connaît point l'enfance: sur les fausses idées qu'on en a, plus on va, plus on s'égaré. Les plus sages s'attachent à ce qu'il importe aux hommes de savoir, sans considérer ce que les enfants sont en état d'apprendre. Ils cherchent toujours l'homme dans l'enfant, sans penser à ce qu'il est avant que d'être homme (Rousseau, 1762/e.d., bls. 8).*

*Við þekkjum alls ekki æskuna, ...*

skrifaði Rousseau í formála sínum að *Emile*,

*... og því lengra sem við fylgjum ranghugmyndum okkar um hana því týndari verðum við.*

Þetta gildir, að hans mati, um jafnvel vitrustu menn sem skrifa um menntun barna. Þeir helgi sig því sem fullorðnu fólki – í reynd fullorðnum karlmönnum – sé mikilvægt að kunna

*... án þess að hyggja að því sem börn eru í standi til að læra. Þeir leita ætíð mannsins í barninu án þess að hugsa um hvað hann er áður en hann var maður. (Þýðing höfundar)*

Og finna væntanlega það sem barninu er áfátt til að vera orðið fullorðin manneskja?

Við tökum þessa hugsun Rousseau aðeins lengra, núna, 250 árum síðar. Ef við gefum okkur enn að við höfum innsýn í leik Óla prik að kubbunum sínum en séum glámskyggn á gjörðir hans við „græjurnar“, er skýringarinnar þá ekki að leita í þeim aðstæðum sem græjurnar eru í, nákvæmlega? Hér hættir Óli prik sér inn á skýrt afmarkað og reglufest athafnasvið fullorðinna. Við metum hann sem persónu eftir viðmiðunum sem gilda um „græjurnar“ og þær viðmiðanir eru viðmiðanir fullorðins fólks um fullorðna. Hann er ekki barn í þessum aðstæðum heldur er hann það sem honum er áfátt til að vera (orðinn) fullorðinn. Gjörningur Óla prik við „græjurnar“ er því ekki gjörningur barns heldur þessa ekki-ennþá-fullorðins sem Óli prik er andspænis „græjunum“. Við metum því gjörning hans samsvarandi sem vangjörning og þar af leiðandi án gildis. Hann hefði betur ekki átt sér stað. Þess



vegna verður líka léttvægt að meina Óla prik að handfjatla „græjurnar“. Þannig að kannski er ekki beinlínis við hugarfar okkar að eiga um vanskilning okkar á gjörðum Óla prik heldur leiðarvísana sem fylgja öllum „græjunum“ í lífi okkar.

Eitt er þó að varna Óla prik aðgengis að „græjunum“, til dæmis með því að færa þær ofar í hansahillunum. Annað er að gefa því uppeldislegan tilgang. Við höfum boðað að það mætti venja hann af atferlinu og bætt því við að hann hefði gott af þeirri uppeldislegu aðgerð. Við höfum ekki útfært í smáatriðum hvernig sú tamning færi fram en við höfum viðrað almennar hugmyndir okkar með orðum á borð við „ramma“ og að fá hann til að „þekkja takmörk sín“. Nú er „ramma“-hugmyndin vissulega ekki spröttin af þessu litla dæmi okkar um Óla prik og „græjurnar“. Hún lifði góðu lífi löngu fyrir daga þessarar samræðu okkar nú. En er ekki grunsamlegt að okkur skuli finnast sjálfsagt að setja honum „ramma“ vegna „fikts“ og hann skuli „þekkja takmörk sín“ af sama tilefni en enginn mæli fyrir því að tæknilegum áhuga hans sé almennt haldið niðri eða hneigð hans til að afla sér reynslu af veröldinni yfirleitt?

Hvað veldur þessu viðbragði okkar sem hér sitjum og ræðum rannsóknarleiðangur Óla prik á vit „græjanna“? Getur verið að sú hugmynd okkar að venja Óla prik af því að „fikta“ í „græjunum“ og það hugmyndakerfi sem við höfum fléttað um hana eigi sér dýpri sálrænar og menningarsögulegar rætur en okkur grunar?

## Veldur því reynsla okkar úr frumbersku?

Um miðja 18. öldina hafði upplýsingin beint ljósi sínu að uppeldi barna, Rousseau ekki enn skrifað *Emile* og hugmyndir um markvissa mótun persónuleikans á barnaldri ekki lent í þeim mótvindi sem sú bók átti eftir að reynast þeim. Hefðbundnar, almennar hugmyndir um meðal annars hlýðni barna við foreldra sína og fullorðið fólk yfirleitt verða að sálfræðilegum uppeldisvísindum. Af hugmyndaauðgi sem hlýtur að mega kallast snilld sér svissneski eðlis- og fagurfræðingurinn Johann Georg Sulzer óvænta uppeldismöguleika í því eðli frumberskunnar að hún gleymist. Í stað þess að þurfa að bíða þess að börnum yxi svo vit að þau myndu það sem þeim væri kennt sá Sulzer þvert á mótí einstakt tækifæri í frumberskunni fyrir baráttuna gegn stærstu ógninni sem steðjaði að sjálfri siðmenningunni, frjálsum vilja barna.

*Diese ersten Jahre haben unter anderem auch den Vorteil, dass man da Gewalt und Zwang brauchen kann. Die Kinder vergessen mit den Jahren alles, was ihnen in der ersten Kindheit begegnet ist. Kann man da den Kindern den Willen nehmen, so erinnern sie sich hiernach niemals mehr, dass sie einen Willen gehabt haben.* (Sulzer, 1745/1748, bls. 189)

*Þessi fyrstu ár hafa meðal annars líka þann kost að þá er hægt að beita afli og valdi. Með aldrinum gleyma börn öllu sem henti þau í frumbersku. Ef þá er hægt að taka frá þeim viljann munu þau eftir það aldrei muna að þau hafi haft vilja.* (Þýðing höfundar)

Tvímælalaust hafði Sulzer rétt fyrir sér í því að reynsla í frumbersku gleymist. Á hinn bóginn skjöplaðist honum trúlega þegar hann gerði ráð fyrir að tamningaaðferðirnar til hlýðinnar hefðu þar með engin önnur áhrif.

*Þvert á mótí,*

skrifar rúmlega tveimur og hálfri öld síðar Alice Miller (1980, bls. 28–29),

*Í starfi sínu þurfa lögmenn, stjórnálamenn, geðlæknar, læknar og fangaverðir að fást við afleiðingarnar, vanalega án þess að þekkja orsakirnar.* (Þýðing höfundar)

Orsakanna leitar Miller í þeirri meðferð sem viðkomandi hefur sætt sem barn. Ekki sakir þess að hafa orðið viðfang yfirvegaðra uppeldisaðferða eftir forskrift Sulzer. Ekki einungis, en vissulega þó, vegna misnotkunar og ofbeldis sem börn sæta í huliðsheimum siðmenningarinnar. Almennt séð vegna þeirrar þjáningar sem fullorðin manneskja byrgir inni og fær útrás fyrir í þeim aðstæðum, nákvæmlega, þegar hún nær barni undir sálrænt áhrifavald sitt. Með öðrum orðum í *uppeldislegri atburðarás* (Miller, 1980). Það er þess vegna sem Miller snýst ekki gegn neinni tiltekinni tegund eða

stefnu í uppeldi sérstaklega heldur „uppeldi yfirhöfuð“, líka því sem fram fer án valdbeitingar (Miller, 1980, bls.118) eða með siðferðislegri innrætingu (Miller, 1979, bls. 9).

Erum við þá að rekja viðbrögð okkar við gjörðum Óla prik til alls þess sem við kunnum að hafa þolað misjafnt í gleymdri æsku okkar?

Svarið við því kallar á djúpsálfræðilega sjálfsskoðun eða sálgreiningu og lækning okkar af slíku meini það sama. En ef við gerum samt ráð fyrir tilvist slíkra sálrænna orsaka þá þýðir það fráleitt að aðrar orsakir séu ekki að verki. Þar að auki er skýring Miller ekki fullnægandi fyrir okkur um viðbrögð okkar við dæminu um „græjurnar“. Þau verða til andspænis ímynduðu dæmi en ekki þeim raunverulegu aðstæðum sem Miller hefur auðvitað í huga.

Til þess að sú djúpsálfræðilega útrás þjáningar okkar sem Miller talar um eigi sér stað, verðum við þá ekki að vera í tjáskiptum við Óla prik af holdi og blóði, að hafa barn raunverulega, eða að finnast við hafa barn raunverulega undir sálrænu áhrifavaldi okkar?

Trúlega!

Svo skýringanna á afstöðu okkar nú, í samræðum okkar á þessum morgni, væri fremur að leita í hugsun okkar um veruleikann að honum fjarstöddum en þeirra áhrifa sem návist hans hefur á okkur.

Og þessi veruleiki, Óli prik og „græjurnar“ er kominn til okkar með orðum svo við ættum kannski að skoða orðræðu okkar nánar í leit að skýringum.

## Valda því félagsleg tengsl okkar við börn?

Við höfum stungið upp á að staða „græjanna“ í merkingarheimi hinna fullorðnu hafi meinað Óla prik um fullan aðgang að þeim í hugum okkar. Það hefur aftur á móti ekki skýrt fyrir okkur hvers vegna við drógum upp þá skertu mynd af huglægri aðkomu hans að atburðinum, getum við sagt, sem felst í að hann hafi verið að „fikta“ í þeim. Við höfum leitað skýringa í því að börn séu fyrir okkur óorðnar fullorðnar manneskjur og athafnir Óla prik við „græjurnar“ þess vegna vangjörningur í okkar augum. Staða „græjanna“ og staða Óla prik meðal fullorðinna saman, það gæti verið skýring. En hvers vegna unnum við honum ekki þess sem það er fyrir honum að fara höndum um „græjurnar“ á sama hátt og við lítum á leik hans með kubbana sem fullgilda, merkingarbæra athöfn. Enn og aftur, hvers vegna „fikt“? Sama gildir um „hellisáhrifin“, við teljum okkur hafa verið í „sólarljósinu“ í sýn okkar á leik Óla prik með kubbana sína en í samræðum okkar lendum við í skugga „fiktsins“ og okkur daprast sýn.

Við erum hugsandi fólk í akademískri samræðu og hljótum að neita því í nafni sjálfstæðrar hugsunar okkar að þetta litla orð, „fikt“, hafi tekið af okkur ráðin yfir hugsun okkar eitt og óstutt, ef svo má segja. „Fiktið“ sem hugmynd hlýtur að styðjast við og vera hluti af stærra hugmyndakerfi sem samræða okkar fer fram í. Einhverju sem kallar okkur til hlutverks í þeirri atburðarás sem við erum að ræða, sem tengir okkur við hana. „Fikt“ er „fikt“ og vitnar um sýn okkar á það sem Óli prik gerði. Við erum kölluð til hlutverks í þeirri atburðarás og í því hlutverki metum við gjörðir hans til „fikts“. Við erum kölluð til þess hlutverks sem felst í hugmyndinni um „uppeldi“. „Uppeldi eða menntun“, var það og við völdum, eða „lentum inn á“ „uppeldi“. Við vinnum úr því, ekki einfaldlega sem hugsandi manneskjur í akademískri samræðu heldur sem samfélagslegar verur í félagslegum tengslum, líka við Óla prik.

Hver eru þau?

*[...] social relations between men and the ideas which mens actions embody are really the same thing considered from different points of view. (Winch, 1958, bls. 121)*

*[...] félagsleg tengsl á milli fólks og þær hugmyndir sem felast í gjörðum manna eru í raun sami hluturinn rýndur frá mismunandi sjónarhornum. (Þýðing höfundar)*

Hvað felst í því fyrir rannsóknarefni okkar á þessum áliðna morgni?

Við gefum okkur að mamma Óla prik segi við hann þegar hann snertir „græjurnar“: „Ekki fikta, Óli prik!“ Við skoðum þessi viðbrögð hennar við gjörðum Óla prik út frá skilgreiningu okkar á „uppeldi“ og segjum sem svo að þarna hafi „uppeldi“ átt sér stað. Auðvitað þarf að hyggja nánar að skilgreiningunni og því hvort atburðurinn uppfylli kröfur hennar um „uppeldi“ en að því slepptu er þetta svipað því og ef við værum að skoða efnahvörf út frá því hvort þau séu til dæmis „orkukræf“. Til dæmis þau sem eiga sér stað við rafgreiningu vatns í súrefni og vetni. Við sjáum þó strax að á meðan tengsl súrefnis og vetnis í vatni eru gefin og „orkukræf“ efnahvörf eiga sér stað hvort sem við hugsum þau og köllum svo eða ekki, þá gerum við ekki skil með hugtakinu „uppeldi“ því sem mamma hans segði með þessum orðum, „Ekki fikta, Óli prik!“, nema sakir þeirrar *merkingar* sem aðilar leggja í þau orð. Það eru forsendur þess að með þessum orðum hafi „uppeldi“ átt sér stað.

Ef jafnaldri Óla prik hefði sagt þetta, gætum við þá sagt að „uppeldi“ hafi átt sér stað?

Það er vandinn, við vitum að það er ekki jafngilt að hann segi þetta við Óla prik og að mamma hans segi það en okkur finnst samt að hann hafi sagt það sama og mamma hans.

Því er það ekki jafngilt?

Vegna þess að mamma hans ætlar sér annað með þessum orðum en jafnaldrinn og Óli prik tekur þessum sömu orðum öðru vísi hjá jafnaldranum en hjá mömmu sinni.

Hvað veldur því?

Því veldur að Óli prik er fyrir mömmu hans ekki það sama og hann er fyrir jafnaldranum og mamma Óla prik er ekki það sama fyrir Óla prik og jafnaldrinn. Með öðrum orðum eru *tengslin* á milli Óla prik og jafnaldrans ekki þau sömu og milli hans og mömmu hans.

Þegar Óli prik setur fingur á stærsta takkann á græjunum og við búumst við að mamma hans segi við hann: „Ekki fikta, Óli prik!“, þá er það vegna tengsla þeirra að við búumst við því, og vegna þessara sömu tengsla fá þessi orð þá merkingu sem við væntum af þeim. Mamma hans er að „ala upp“ hann Óla sinn prik með þessum orðum, að vísu um leið og hún er að bjarga „græjunum“ frá bráðum háska, en þannig á „uppeldi“ sér óhjákvæmilega stað, eins og allir aðrir atburðir, ætíð sem tiltekinn eðlisþáttur atburðarins. Hún mælir þessi orð í uppeldishlutverki sínu, því hlutverki sem tengsl þeirra mæðgina veita henni, en ekki sem einfaldlega gæslumaður „græjanna“. Við túlkum þessi orð eftir þessu hlutverki hennar og eigum langar samræður um þetta „fikt“ í honum Óla prik og nauðsyn þess og leiðir til að venja hann af því, og þar fram eftir götum. Allt á grundvelli þess uppeldishlutverks sem mamma hans hefur gagnvart honum og fullorðnir gagnvart börnum yfirleitt og við höfum meðtekið um leið og við höfum meðtekið merkingu hugtaksins „uppeldi“. Í uppeldishlutverkinu felst að leggja mat á gjörðir Óla prik, ekki bara með tilliti til afleiðinga þess fyrir „græjurnar“ heldur með tilliti til gerandans ekki síður. Ekki „Passaðu að skemma ekki græjurnar, Óli litli prik!“, heldur „Ekki fikta, Óli prik!“. Í því felst gildisdómur um gjörðir Óla prik og Óla prik sjálfan. Þessi dómur um gjörðir Óla prik við „græjurnar“ er kveðinn upp í uppeldishlutverki mömmu hans, fyrir okkar hönd í sögunni okkar, því hlutverki sem tengsl þeirra úthluta henni. Hún „elur upp“ Óla prik með þessum orðum vegna hugmyndar sinnar um „uppeldi“ og sú hugmynd helgast af tengslum þeirra mæðgina og tengslum okkar fullorðinna við börn yfirleitt. Þau tengsl eru, vel að merkja, samfélagslega mótuð merkingartengsl vegna þess að samfélagið mótar merkingarsvið hugtaksins „uppeldi“ og samfélagið setur þessi viðbrögð hennar, „Ekki fikta, Óli prik!“ inn á merkingarsvið þess.

## Valda því „fiðrildaáhrif“?

*Does the flap of a butterfly's wings in Brazil set off a tornado in Texas?* (Lorenz, 1972)

*Kemur vængjasláttur fiðrildis í Brasilíu af stað fellibyl í Texas?* (Þýðing höfundar)

„Fiktið“ varð afdrifaríkt fyrir viðbrögð okkar við gjörningi Óla prik og nú væri freistandi að lífta svo á að „fiktið“ sé sá vængjasláttur fiðrildis sem beint hefur „óreiðu“ þessarar samræðu inn á braut *uppeldis* fremur en *menntunar*, sem þó stóð til boða. Má vera að samræða okkar eða við í samræðu á þessum morgni myndum svo innbyrðis gagnvirkt kerfi að við hefðum af sáralitlum mun orða í upp-

hafi átt hér allt aðra samræðu. Kann að vera, en framvindan fylgdi þó ekki forskrift úr vísindasmá-sögu Ray Bradbury („*A sound of thunder*“)(1951) né nýjustu arftökum hugmyndarinnar á sviði vís-inda (Werndl, 2009) að því leyti að með „vængjaslætti“ „fíktsins“ lentum við inn í „óreiðu“. Þvert á móti lentum við heldur í tiltölulega fastmótuðu hugmyndakerfi uppeldishugtaksins. Kerfi sem trúlega er líkara þrálátri hæð yfir Grænlandi en fellibyl í Texas. Við tókum það inn í samræðuna með orðum okkar og með þeim gengumst við inn á merkingarsvið þessara orða og ástunduðum með tali okkar um „fikt“ tiltekin samfélagsleg tengsl sem við, fullorðnar manneskjur, höfum við börn.

Tiltekin?

Já, þau sem birtast, nákvæmlega, í viðbrögðum mömmu Óla prik í sögu okkar: „Ekki fikta, Óli prik!“

En mamma sagði það aldrei. Hún *kenndi* mér á „græjurnar“,

segir okkur Óli prik.

Eins og hún hafði kennt mér á allt sem ég hafði áhuga á. Hún jafnvel kenndi mér að taka brjóst þótt þið haldið auðvitað að það hafi ég gert af eðlishvöt einni saman. Vissulega bar ég mig að af sterkri eðlishvöt, og ég ætla ekki að ganga fram af ykkur með því að segja að hún hafi menntað mig í móðurkviði líka, sem hún þó gerði! Ég gekk á vit „græjanna“ af eðlislægum áhuga mínum sem mamma hafði ýtt undir við öll tækifæri okkar kvunndagslega lífs, á sama hátt og ég hafði sótt í stigann í húsinu okkar sem mamma kenndi mér að nota og eldhússkúffurnar og skáphurðirnar og yfirleitt allt sem ég yfir höfuð hafði aðgang að. Það tók mig fimm vikur að verða sjálfbjarga í stiganum og ég lærði á takkann á „græjunum“ á þrem dögum og þannig hef ég lært á það umhverfi sem mér er búið. En þið fóruð á mis við þessa menntunarsögu mína sem alls ekki lauk við „græjurnar“ en við höfum ekki tíma til að fara út í þá sálma í dag.

## Lærdómur þessa morguns

*Le bon Dieu est dans le detail ...*

*Góður Guð er í smáatriðunum ...* (Þýðing höfundar)

er iðulega haft eftir Gustave Flaubert (1821–1880) (Titelman, 1996) og víst er að þar er veruleikann að finna, líka þann sem Óli prik og öll önnur börn lífa.

Við höfum á þessum morgni rannsakað eitt „smáatriði“ í lífi Óla prik og sú rannsókn hefur opnað okkur sýn inn í þá flóknu veröld orða, merkingar þeirra og félagslegra tengsla sem ráða viðbrögðum okkar við gjörðum barna og sú sýn leiðir hugann óhjákvæmilega að öllum þeim „smáatriðum“ í daglegu lífi barna þegar val fullorðinna við gjörðum þeirra stendur á milli uppeldislegra viðbragða og menntunarlegra.

„Ekki fikta, Óli prik!“ eða „Ég skal sýna þér, Óli prik“.

Þarna er efinn.

## Heimildir

Bradbury, R. (1951). *A sound of thunder*. *Collier's* (áður *Collier's Weekly*). New York.

Lorenz, E. N. (1972). Predictability: Does the flap of a butterfly's wings in Brazil set off a tornado in Texas? Erindi á ráðstefnu *American Association for the Advancement of Science*, Washington, D.C.

Miller, A. (1980). *Am Anfang war Erziehung*. Frankfurt am Main: Suhrkamp Verlag.

Miller, A. (1979). *Das Drama des begabten Kindes*. Frankfurt am Main: Suhrkamp Verlag.

- Platon. (2009). *Menón*. (Sveinbjörn Egilsson, þýðandi). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Platon. (1999). *Samdrykkjan*. (Eyjólfur Kjalar Emilsson, þýðandi). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Platon. (1991). *Ríkið*. (Eyjólfur Kjalar Emilsson og Kristján Árnason, þýðendur). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Platon. (360 f.Kr./2012). *Plato's seventh letter, 341d*. Gregory R. Crane (aðalritstjóri, þýðanda ekki getið). Perseus Digital Library. Sótt 1. júní 2012 af <http://www.perseus.tufts.edu/hopper/text?doc=Perseus%3Atext%3A1999.01.0164%3Aletter%3D7%3Apage%3D341>
- Rousseau, J. J. (1762). *Émile ou de l'éducation. Livres I, II et III*. Jean-Marie Tremblay (ritstjóri). Québec: Cégep de Chicoutimi. Sótt 1. maí 2012 af [http://classiques.ugac.ca/classiques/Rousseau\\_jj/emile/emile\\_de\\_education\\_1\\_3.pdf](http://classiques.ugac.ca/classiques/Rousseau_jj/emile/emile_de_education_1_3.pdf)
- Sulzer, J. G. (1748). *Versuch von der Erziehung und Unterweisung der Kinder*. Zurich: Conrad Orell und Comp. (2. útgáfa, aukin. 1. útgáfa 1745 undir nafninu *Versuch einiger vernünftiger Gedanken von der Auferziehung und Unterweisung der Kinder*. Sami útgefandi.)
- Titelman, G. Y. (1996). *Random house dictionary of popular proverbs and sayings*. New York: Random House.
- Werndl, C. (2009). What are the New Implications of Chaos for Unpredictability? *The British Journal for the Philosophy of Science*, 60(1), 195–220.
- Winch, P. (1958). *The idea of social science and its relation to philosophy*. London: Routledge and Kegan Paul. New York: Humanities Press.



Gunnlaugur Sigurðsson. (2012). Óboðinn gestur í orðræðu um börn. *Netla – Vefritur um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/009.pdf>